



RioTinto

Samfélagsskýrsla og grænt bókhald

ISAL 2022

Ábyrgð

Bjarni Már Gylfason

Ritnefnd

Bjarni Már Gylfason

Guðrún Þóra Magnúsdóttir

Umbrot og hönnun

Aton.JL

Ljósmyndir

Birgir Ísleifur Gunnarsson

Útgefandi

Río Tinto á Íslandi

Straumsvík

Pósthólf 222



Efnisyfirlit

Yfirlýsing	5
Ávarp forstjóra	6
Fyrirtækið	8
Skipurit ISAL	10
Stefna ISAL 2023	12
Gildi ISAL	13
Umhverfismál	14
Grænt bókhald 2018–2022	20
Fólkið í Straumsvík	22
Samfélag	30
Hagsmunaaðilar	31
Efnahagslegir þættir	34
Áritun endurskoðanda	36

Yfirlýsing

Allar upplýsingar í þessari skýrslu eru réttar og veittar samkvæmt okkar bestu vitund.

Þær gefa raunhæfa mynd af starfsemi fyrirtækisins og hafa mikið gildi þegar kemur að áætlunum um að bæta árangur þess.

Það er einlægur vilji okkar að stuðla að stöðugum framförum, bæði okkar eigin og annarra, á sviði sjálfbærrar þróunar.

Grænt bókhald skv. reglugerð 851/2002. Staðfestingu á endurskoðun þeirra upplýsinga er að finna aftast í þessari skýrslu.

Upplýsingar í skýrslunni gilda fyrir almanaksárið 2022.

Fyrirtækið gefur jafnframt út árs- og samfélagsskýrslu sem inniheldur einnig grænt bókhald fyrirtækisins.

Skýrslan er aðgengileg á vef fyrirtækisins, riotinto.is, og veitir ítarlegar upplýsingar um starfsemi fyrirtækisins.



Rannveig Rist,
forstjóri



Brynjólfur Bjarnason,
f.h. stjórnar Rio Tinto á Íslandi hf.



Ávarp forstjóra

Í júní á þessu ári verða þau tímamót að ISAL framleiðir 7 milljónasta tonnið af áli frá því að álframleiðsla hófst í Straumsvík árið 1969. Upphaf álframleiðslu á Íslandi markaði einnig mikilvæg tímamót í efnahags- og atvinnusögu Íslands en frá upphafi hefur áliðnaður verið ein af undirstöðuatvinnugreinum landsins.

Talið er að yfir 75% af öllu áli sem framleitt hefur verið í heiminum frá upphafi sé enn í notkun, enda missir ál ekki neina eiginleika við endurvinnslu. Miðað við það hlutfall má gera ráð fyrir að hátt í 5,5 milljónir tonna af áli sem framleitt hefur verið í Straumsvík séu enn í notkun um allan heim og muni verða áfram um ókomna tíð.

Mikla orku þarf til að frumframleiða ál og fyrir hvert tonn þarf um 15 MWs af raforku. Frá upphafi hefur ISAL því notað um 100.000 GWs en til samanburðar er árleg framleiðsla Landsvirkjunar rúmlega 14.000 GWs. Einungis þarf um 5% af upphaflegu orkunni til að endurvinnna ál. Það þýðir að stærstur hluti þeirrar endurnýjanlegu orku sem framleidd hefur verið á Íslandi frá upphafi og notuð til framleiðslu áls, er enn í notkun. Þennan sjálfbæra og mikilvæga eiginleika áls er sérstaklega mikilvægt að hafa í huga á þessum tímamótum.

Tíðarandinn kallar á að framleiðsla sé sjálfbær og loftslagsvæn kallar á að árangur náist í að draga úr losun koltvísýrings. Hvort tveggja er forgangsmál hjá ISAL. Okkar framleiðsla hjálpar einnig viðskiptavinum okkar að ná sínum markmiðum en ál gegnir veigamiklu hlutverki í orkuskiptum í samgöngum og við sjálfbærar byggingar.

Nýliðið ár var hið besta hjá ISAL á ýmsa mælikvarða. Fjárhagslega gekk mjög vel og hagnaður fyrir skatta sá mesti í sögu ISAL. Alls var hagnaður fyrir skatta 161,6 milljónir dollara eða sem svarar um 21,8 milljarði króna. Tekjurnar voru líka þær hæstu frá upphafi eða 873,9 milljónir dollara og jukust um 23,6% frá árinu á undan. Launagreiðslur fyrirtækisins voru 6,2 milljarðar, kaup á innlendri vöru og þjónustu ríflega 6 milljarðar og raforku-kaupin námu 3.183 GWs. Óhætt er að fullyrða að efna-hagslegt fótspor ISAL af reglulegri starfsemi hefur aldrei verið stærra.

Árið var hins vegar afar sveiflukennt og hafði áráð Rússa á Úkraínu mikil áhrif á álmarkaði og efnahagslífið í heiminum almennt. Álverð lækkaði verulega í kjölfarið og orkuverð hækkaði mikið. Verðbólga í heiminum hefur aukist og vextir hækkað í framhaldinu. Þessi áhrif munu vara áfram enn um sinn með ófyrirséðum hætti.

Framleiðslan í Straumsvík gekk vel. Alls framleiddu kerskálur 202.268 tonn á liðnu ári sem er í samræmi við upp-haflega áætlun, þrátt fyrir að nokkur skerðing hafi verið á afhendingu raforku á fyrri hluta ársins vegna lélegrar vatnsstöðu í uppistöðulónum Landsvirkjunar. Steypuskáli framleiddi 223.111 tonn.

Framleiðsla í steypuskála er nokkuð umfram framleiðslu kerskála en það gerir ISAL til að auka sveigjanleika í framleiðslu og mæta eftirspurn. Mikil áhersla er lögð á að framleiðslan uppfylli ítrustu kröfur viðskiptavina um gæði en það á líka við um uppruna og kolefnisfótspor aðkeypts málsms.

Umhverfismálin hjá okkur voru líka í góðum farvegi og losun flúoríðs á hvert tonn af framleiddu áli var 0,5 kg sem er svipað og undanfarin ár en vel undir mörkum starfsleyfis. Losun gróðurhúsalofttegunda var 1,56 tonn á hvert framleitt tonn sem er smávægileg hækkun frá fyrra ári en samt í svipuðum takti og verið hefur undan-farin ár. Ekki má samt gleyma að þetta er mjög lág losun á heimsvísu.

Á síðasta ári var stigið mikilvægt skref í jafnréttismálum þegar ISAL innleiddi sérstakan fæðingastyrk til að auka réttindi foreldra í fæðingarorlofi. Fæðingastyrkur greiðist nú í 18 vikur í stað 6 og er starfsfólki heimilt að taka réttinn út í allt að 24 mánuði frá fæðingu barns. Fyrir þetta framtak, auk sérstakrar aðgerðaáætlunar til að styðja við starfsfólk sem kann að vera fórnarlamb heimilisofbeldis, hlaut ISAL Jafnréttissprotann 2022 sem við erum afar stolt af.

Menntun og fræðsla starfsfólks er ávallt ofarlega í huga okkar og vegur Stóriðjuskólinn þar þýngst. En á liðnu ári var gert sérstakt fræðsluátak til að bregðast við ákveðnum breytingum sem eiga sér stað í íslensku samfélagi. Um 16% íbúa landsins og um 20% þeirra sem eru vinnandi á íslenskum vinnumarkaði eru af erlendum uppruna. Vinnustaðir og samfélagið allt er að verða fjölmennningarlegra. Öll þurfum við að skilja áhrif þess og afleiðingar. Þess vegna fór allt starfsfólk ISAL í gegnum sérstaka fjölmenningsþjálfun á liðnu ári, sem miðaði að því að efla þennan skilning.

Öryggismál eru alltaf í forgangi hjá ISAL. Starfsfólkið okkar á að koma heilt heim úr vinnu. Um þessar mundir er umferðaröryggi ofarlega í huga okkar í Straumsvík en á þessu ári hefjast framkvæmdir við lokakafli á tvöföldun Reykjanesbrautar en sá hluti brautarinnar liggur fram hjá og í gegnum land í eigu fyrirtækisins. Framkvæmdin er mjög umfangsmikil og mun hafa nokkur áhrif á meðan framkvæmdum stendur en auka mjög öryggi þegar þeim lýkur.

Rio Tinto og Carbfix hafa verið í samstarfi um Coda Terminal förgunarstöð í Straumsvík. Seint á síðasta ári fóru fram fyrstu tilraunaboranir og eru frekari tilraunir fyrirhugaðar. Hluti af undirbúningi þessa verkefnis er að breyta skipulagi á landi í eigu ISAL. Unnið hefur verið nýtt deiliskipulag sem gerir ráð fyrir að Coda Terminal geti verið með starfsemi á hluta lands í eigu ISAL. Deiliskipulagstillagan verður kynnt í sumar og geta allir kynnt sér hana á vettvangi Hafnarfjarðarbæjar.

Samfélagsskýrsla ISAL og Grænt bókhald veita skilmerkilegar og gagnlegar upplýsingar um rekstur og starfsemi fyrirtækisins. Við leggjum mikla áherslu á að hagsmunaaðilar okkar og nærsamfélag geti kynnst starfsemiinni vel og þau áhrif sem hún hefur á umhverfi og samfélag. Við fögnum öllum ábendingum um efni hennar en þeim má koma til skila á vefsvæði okkar [isal.is](https://www.isal.is) eða á netfanginu isal@isal.is.

Rannveig Rist,
forstjóri.

Fyrirtækið

Álverið í Straumsvík er rekið af Rio Tinto á Íslandi hf. Verksmiðjuheiti álversins er ISAL og tilheyrir Rio Tinto Aluminium sem er álsvið breska námafélagsins Rio Tinto. Fyrirtækið er skráð á Íslandi. Félagið leggur mikla áherslu á heilsu og öryggi starfsfólks, sjálfbæra þróun og heiðarleika í vinnubrögðum. Alþjóðlegar siðareglur félagsins nefnast „Þannig vinnum við“ og eru aðgengilegar á íslensku á vef ISAL. Rio Tinto er með höfuðstöðvar í London en umfang starfseminnar er mest í Ástralíu og Norður-Ameríku. Höfuðstöðvar álsviðs Rio Tinto eru í Montreal í Kanada.

Helsta framleiðsluafurð ISAL eru sívalar stangir úr áli sem í Straumsvík eru jafnan kallaðar boltar og eru tilbúnir til þrýstimótunar hjá viðskiptavinum fyrirtækisins. Boltarnir eru framleiddir í fjölmörgum málmblöndum og í mismunandi stærðum, allt eftir óskum viðskiptavina. Álið frá Straumsvík er notað í ýmsar sérhæfðar vörur, svo sem í byggingariðnaði, bílaiðnaði, í ýmsa próffila, loftræstikerfi og ramma utan um sólarcellur, svo dæmi séu tekin.

Viðskiptavinir ISAL eru um 60 talsins og eru flestir í Evrópu en fjöldi þeirra getur breyst milli ára. Hjá ISAL starfa um 370 manns með ólíkan bakgrunn. Fjölbreytnin er mikil og innan fyrirtækisins býr mikil þekking meðal starfsfólks sem á stóran þátt í velgengni þess. ISAL hefur ætíð lagt mikla áherslu á fræðslumál en Stóriðjuskólinn er stærsta verkefnið í fræðslustarfi fyrirtækisins. ISAL leggur ríka áherslu á að bæta stöðugt frammistöðu sína í gæða-, heilbrigðis-, öryggis- og umhverfismálum, setur metnaðarfull markmið á þessum sviðum og hefur mótað um þau skýra stefnu.

ISAL er með samþætt stjórnkerfi gæða-, heilbrigðis-, öryggis og umhverfismála, vottað samkvæmt alþjóðlegu stöðlunum ISO 9001, ISO 14001 og ISO 45001 ásamt því að vera með vottað jafnlaunakerfi samkvæmt ÍST 85 staðlinum. Fyrirtækið er ennfremur með ASI vottun. Markvissar stöðugar umbætur og straumlínustjórnun eru jafnframt ein af meginstöðum fyrirtækisins. Atvik og frávik eru skráð og grunnástæður í rót þeirra greindar. Áhættugreiningar eru framkvæmdar með tilliti til reksturs, umhverfis, heilbrigðis, öryggis og samfélags. Við leggjum okkur fram við að starfa í sátt við umhverfi og samfélag. Þá er markmið okkar ánægðir viðskiptavinir sem líta á ISAL sem fyrsta valkost.

Þann 28. október 2021 gaf Umhverfisstofnun út nýtt starfsleyfi fyrir ISAL sem gildir til 1. nóvember 2037 fyrir allt að 460.000 tonna framleiðslu. Ýmsar nýjar kröfur koma inn í starfsleyfið auk þess sem fellt verður úr starfsleyfinu þynningarsvæði. Í nýju leyfi eru innleiddar kröfur um bestu fáanlegu tækni (BAT). Starfsleyfið er aðgengilegt á vef Umhverfisstofnunar. Stofnunin er jafnframt eftirlitsaðili. Í nóvember 2022 felldi Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála þann úrskurð að framleiðslumagn í starfsleyfinu skyldi lækkað í 212.000 tonn.

Fyrirtækið fellur undir fyrirtækjaflokkinn „2.1 álfra-leiðsla“, samkvæmt fylgiskjali með reglugerð um grænt bókhald. Stjórn fyrirtækisins var árið 2022 skipuð sjö einstaklingum: fyrir hönd eigenda voru Jean-Francois Faure, stjórnarformaður, Etienne Jacques, Maria Tournas, Brynjólfur Bjarnason og Katrín Pétursdóttir, en fulltrúar ríkisstjórnar Íslands voru Margrét Sanders og Magnús Júlíusson sem skipuð eru í samræmi við aðalsamning milli fyrirtækisins og stjórnvalda frá árinu 1966. Álverið í Straumsvík er rekið af Rio Tinto á Íslandi hf.

Verksmiðjuheiti álversins er ISAL og tilheyrir Rio Tinto Aluminium sem er álsvið breska námafélagsins Rio Tinto. Fyrirtækið er skráð á Íslandi. Félagið leggur mikla áherslu á heilsu og öryggi starfsfólks, sjálfbæra þróun og heiðarleika í vinnubrögðum. Alþjóðlegar siðareglur félagsins nefnast „Þannig vinnum við“ og eru aðgengi-legar á íslensku á vef ISAL. Rio Tinto er með höfuðstöðvar í London en umfang starfseminnar er mest í Ástralíu og Norður Ameríku. Höfuðstöðvar álsviðs Rio Tinto eru í Montreal í Kanada.

Framleiðsluferlið

Ál er framleitt með rafgreiningu súrál. Það er efnasam-band áls og súrefnis (Al2O3) og líkist fingerðum hvítum sandi. Auk súrál eru raforka og forskaut meginhráefni við framleiðslu áls. ISAL notaði 3.183 gígawattstundir af raforku á árinu en hún er keypt af Landsvirkjun og á upp-runu sinn í vatnsaflsvirkjunum fyrirtækisins. Súrálið er að mestum hluta keypt frá Brasilíu og forskautin koma frá Hollandi og að nokkru leyti frá Kína, hvort tveggja flutt sjóleiðis til Íslands.

Rafgreining fer fram í kerskálum í þar til gerðum kerjum. Í þremur kerskálum ISAL eru alls 480 ker og framleiðir hvert þeirra um 1,2 tonn af áli á sólarhring, allt árið um kring. Til að rafgreining geti farið fram þarf að veita rafstraumi í gegnum kerin. Í hverju kerri er flúorrík efna-bráð sem gerir rafgreiningarferlið mögulegt. Við þetta klofnar hið sterka efnasamband súrál í ál og súrefni.

Forskautin, sem eru úr kolefni, gegna því hlutverki að koma rafstraumi í gegnum kerin og fer hann út um bak-skautin, sem eru á botni kersins. Þegar álið klofnar frá súrefninu fellur það á botn kersins en súrefnið leitar upp á við, brennur með kolefnum forskautanna og myndar koltvísýring (CO₂).

Öll kerin í kerskálunum eru lokuð og með afsogi til að lágmarka losun flúors og ryks út í andrúmsloftið. Afsogið er leitt inn á þurrhreinsistöðvar þar sem flúor og ryk er hreinsað úr afganginu. Vel yfir 99% flúorsins hreinsast úr afganginu og er endurnýtt við framleiðsluna. Álið er sogað upp úr kerjunum í svokallaðar deigjur og flutt yfir í steypuskálann.

Í steypuskálanum er álið hreinsað í deiglum og síðan er fljótandi álinu dælt yfir í ofna. Þar er ýmsum efnum blandað við álið til að ná fram rétttri efnasamsetningu í samræmi við kröfur viðskiptavina. Næst er álinu hellt úr ofninum í rennukerfi steypuvéla en á leiðinni er það gasmeðhöndlað, sem hreinsar burt síðustu óhreinindi áður en steyp er.


Steypuvélarnar steypa 7–8 metra langa bolta í ýmsum sverleikum. Að lokum eru boltarnir settir í gegnum hita-jöfnunarferli en það hefur áhrif á efniseiginleika álsins. Í steypuskálanum eru framleiddar um 160 mismunandi vörur. Úrgangsefni sem falla til í steypuskálanum eru endurnýtt eins og kostur er, afskurður og spónn sem fellur til við sögun er endurbræddur. Álgjall er einnig sent til endurvinnslu, en það er úrgangsefni úr hreinu áli og áloxíði sem verður til í framleiðsluferlinu. Að síðustu er álið flutt sjóleiðina til Rotterdam og þaðan áfram til viðskiptavina.

Stærstur hluti afurða ISAL er notaður í byggingariðnað þar sem notkun áls fer sívaxandi. Boltar frá ISAL eru notaðir í þrýstimótun og því er algengt að framleiða margvíslega ramma, til dæmis glugga, hurðir, stigahandrið, loftræstikerfi og hitakerfi svo dæmi séu nefnd. Ál nýtist vel í byggingu húsa þar sem áhersla er lögð á sjálfbærni bygginga.

Ál frá ISAL er einnig mikið notað í bílaiðnaði vegna eigin-leika efnisins. Í raun má segja að orkuskipti í samgöngum, minnkandi eyðsla bíla sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti og framleiðsla rafbíla væri erfið án þess að nota ál. Ál er notað í nánast alla hluta bílsins en með ólíkum hætti eftir áherslum einstakra bílaframleiðenda og eru sumir bílar nánast eingöngu úr áli.

Skipurit ISAL

Forstjóri Rio Tinto á Íslandi hf. er Rannveig Rist. Framkvæmdastjórnir eru sex talsins og heyra beint undir forstjóra. Undir framkvæmdastjórnana heyra leiðtogar sem bera hver um sig ábyrgð á tilteknum verksviðum.



Stefna ISAL 2023

Hlutverk okkar er að finna stöðugt betri leiðir til að framleiða hágæðaál með hámarksarðsemi í samræmi við óskir viðskiptavina með heilbrigðis-, öryggis- og umhverfismál í fyrirrúmi. Við einsetjum okkur að vera í fremstu röð í allri starfsemi, vinna að stöðugum umbótum og að starfa ávallt í sátt við umhverfi og samfélag. Reksturinn byggir á framúrskarandi starfsfólki þar sem fjölbreytileiki og jafnrétti er haft að leiðarljósi. Við fylgjum lögum og reglum og uppfylfum siðareglur Rio Tinto. Framtíðarsýn ISAL er að tryggja vöxt og samkeppnishæfni fyrirtækisins á sjálfbæran hátt og að ná kolefnishlutleysi fyrir árið 2040.

Skaðlaus vinnustaður	Öflug liðsheild	Verðmætasköpun	Samstarfsaðilar	Vöxtur
Sannfæring okkar er að áhersla á öryggis-, umhverfis- og heilbrigðismál sé forsenda framúrskarandi árangurs	Ein mikilvægasta auðlind okkar er hæft, áhugasamt og jákvætt starfsfólk sem skapar öruggan og eftirsóknarverðan vinnustað	Við háörkum arðsemi fyrirtækisins með stöðugum umbótum og skýrri markmiðssetningu til að tryggja skilvirkni allra ferla	Við leggjum okkur fram um að starfa í sátt við umhverfi og samfélag. Markmið okkar er ánægðir viðskiptavinir sem líta á ISAL sem fyrsta valkost	Við tryggjum vöxt og samkeppnishæfni með bættri nýtingu á núverandi búnaði og skynsamlegri fjárfestingarstefnu



Gildi ISAL

Umhyggja	Hugrekki	Framsækni
Við sýnum umhyggju Við gætum þess að setja andlegt og líkamlegt öryggi fólksins í kringum okkur í forgang. Við virðum hvort annað, byggjum sambönd okkar á trausti og erum meðvituð um afleiðingar gjörða okkar. Við leggjum okkar af mörkum til að skapa betri framtíð fyrir fólkið okkar, samfélagið og umhverfið.	Við erum hugrökk Við tökumst á við erfiðar aðstæður með jákvæðu hugarfari og sýnum í verki að við vinnum öll að sama markmiði. Við sýnum hugrekki með því að vekja athygli á því sem aflaga hefur farið og grípum til aðgerða þegar þörf krefur. Við erum ekki hrædd við að prófa nýja hluti.	Við erum framsækin Við erum alltaf að læra og bæta við þekkingu okkar. Við leitum stöðugt að leiðum til að gera hlutina betur og með öruggari hætti. Við kunnum að meta styrkinn sem felst í fjölbreytileika hugmynda og samvinnu. Þannig náum við meiri árangri saman en við gætum hvert út af fyrir sig.



Umhverfismál

ISAL leggur áherslu á að bæta stöðugt frammistöðu sína í umhverfismálum. Við insetjum okkur að starfa ávallt í sátt við umhverfi og samfélag og stefnum á kolefnishlutleysi fyrir árið 2040. Vel er fylgst með mikilvægum umhverfispáttum auk þess sem umhverfissvöktun fer fram í nágrenni Straumsvíkur. Áætlanir um mælingar og vöktun eru aðgengilegar á vefsvæði ISAL og á vef Umhverfisstofnunar. Hér er gerð grein fyrir þeim umhverfispáttum sem við skilgreinum sem mikilvæga. Árangur síðustu fimm ára má sjá í töflu yfir grænt bókhald.

Losun í andrúmsloft

Kerskálar eru helsta uppspretta mengandi efna í útblástri en þau eru flúoríð, ryk og brennisteinstvíoxíð auk gróðurhúsalofttegunda. Útblásturinn er mældur stöðugt, bæði á kerskálapökum og í þurrhreinsistöðvum. Mælingarnar eru gerðar samkvæmt mæliáætlun sem samþykkt er af Umhverfisstofnun og má nálgast hana á [vef](#) stofnunarinnar. Eftir að nýtt starfsleyfi var gefið út var mæliáætlunin uppfærð og í október 2022 voru drög að nýrri mæliáætlun send til Umhverfisstofnunar til samþykktar.


Mikil áhersla er lögð á að halda losun í lágmarki og eru mælingarnar notaðar markvisst og niðurstöðurnar rýndar reglulega. Stýring framleiðsluferla, fyrirbyggjandi viðhald ásamt fræðslu og þjálfun starfsmanna gegna lykilhlutverki í að lágmarka losunina. Áhrif útblásturs á umhverfið má sjá í kaflanum Vöktun, bls. 19.

Losun flúoríðs var 0,50 kg/t ál og ryk 0,72 kg/t ál sem er nokkru hærra en árið á undan en vel undir viðmiðunarmörkum í starfsleyfi. Ástæðu aukinnar losunar á flúoríði má að mestu leyti rekja til þéttleika kerja og er unnið að því að auka þéttleikann.


Losun brennisteinstvíoxíðs var 13,9 kg/t ál sem er vel undir viðmiðunarmörkum í starfsleyfi. Losunin ræðst af brennisteinsinnihaldi í skautum sem var 1,76% samanborið við 1,71% árið 2021. Losun brennisteinstvíoxíðs er einnig háð brennisteinsinnihaldi í súráli og flotaolíu sem var 0,021% í súráli og 0,09% í flotaolíunni.

Önnur losun í andrúmsloft er aðallega frá steypuskála og ryksíum. Staðsetningu ryksía má sjá í mæliáætlun. Sjálfvirkir rykmælar eru notaðir til að fylgjast með losun steypuskála og virkni síubúnaðar. Ryk var einnig mælt handvirkt frá þremur ryksíum og voru niðurstöðurnar allar vel undir viðmiðunarmörkum í starfsleyfi sem eru 50 mg/Nm³.


Útblástur flúoríðs



Útblástur ryks



Útblástur brennisteinstvíoxíðs




Losun gróðurhúsalofttegunda

Losun gróðurhúsalofttegunda er einn af mikilvægustu umhverfispáttum ISAL. Losuninni er skipt í tvo hluta, annars vegar það sem fellur undir viðskiptakerfi Evrópu með losunarheimildir (ETS) og hins vegar það sem er utan þess og fellur undir skuldbindingar íslenskra stjórnvalda (sjá töflu yfir grænt bókhald). Losun gróðurhúsalofttegunda frá framleiðsluferlum fellur undir viðskiptakerfi Evrópu með losunarheimildir en önnur losun, t.d losun frá fartækjum, kælimiðlum og úrgangi, fellur undir skuldbindingar íslenskra stjórnvalda.


Frá 1990 hefur losun gróðurhúsalofttegunda frá framleiðslunni dregist saman um tæp 50% þrátt fyrir að framleiðslan hafi meira en tvöfaldast. Þetta skýrist að mestu af því að tekist hefur að draga mjög úr losun flúorkolefna. Framleiðsla á áli þarf mikla orku og hefur það því mikla þýðingu að ISAL nýtir raforku sem framleidd er með vatnsafla en sú orkuvinnsla veldur hverfandi losun gróðurhúsalofttegunda, samanborið við kol eða olíu.

Losun gróðurhúsalofttegunda frá framleiðsluferlum árið 2022 var 1,55 t/t ál eða 312.957 tonn og fellur sú losun undir viðskiptakerfi Evrópu með losunarheimildir. Losunin á hvert framleitt tonn er lág í samanburði við önnur álver. Ástæða þess góða árangurs er að vel gengur að lágmarka losun flúorkolefna og er það góðum stýringum og vel þjálfuðu starfsfólki að þakka. Önnur losun á athafnasvæðinu var vegna vinnuvéla og kælimiðla og nam hún 1726 tonnum.


Losun gróðurhúsalofttegunda innan ETS



Losun gróðurhúsalofttegunda utan ETS



Losun flúorkolefna (PFC) hjá ISAL samanborið við áliðnaðinn á heimsvísu



Rio Tinto hefur skuldbundið sig til að ná kolefnishlutleysi 2050 og styður auk þess markmið Íslenskra stjórnvalda að ná kolefnishlutleysi 2040. ISAL stefnir á kolefnishlutleysi árið 2040 og er vinna þegar hafin til að ná því markmiði. Stærsti hluti losunarinnar er vegna bruna forskauta í kerskálum (96%) og er unnið að því að finna leiðir til að fanga hana og farga með CarbFix aðferðinni. Vonast er til að hægt verði að fanga og farga um 5–10% losunarinnar árið 2030.

Einnig er unnið að því að skipta úr flotaolíu yfir í própan-gas í ofnum steypuskála en tveir af fjórum ofnum steypu-skála nota jarðefnaeldsneyti og tveir ofnar nota rafmagn. Með breytingunni mun orkunýtnin aukast um 30% og þar með dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Aðrar aðgerðir snúa meðal annars að rafvæðingu vinnuvéla en vinnuvélar knúnar rafmagni eru ávallt fyrsti kostur við endurnýjun tækjanna. Markmið fram til 2030 er að draga úr losun frá vinnuvélum um 600 tonn. Einnig er unnið að því að skipta út kælimiðlum og var kælimiðlum á kælum og frystum í mötuneyti skipt út á síðasta ári og kolsýra sett á í stað kælimiðils með háan upphitunarstuðul. Unnið verður að frekari útskiptingu á næstu árum og er markmiðið fram til 2030 að draga úr losun um 100 tonn miðað við árið 2015. Þá er stöðugt unnið að því að draga úr urðun úrgangs og má sjá aðgerðir undir kafla 7.2. Frá árinu 2015 hefur tekist að draga úr losun um rúm 400 tonn.

Ef horft er til losunar út frá lífsferilsgreiningu, þ.e. frá bákíti að framleiðslu bolta frá steypuskála ISAL, þá er losunin 4,1 tonn á hvert framleitt tonn af áli.


Úrgangsmál og varasöm efni

Meirihluti úrgangs sem fellur til hjá fyrirtækinu er endur-unnninn eða endurnýttur, en ávallt er þó haft að leiðarljósi að draga úr myndun úrgangs eins og kostur er. Mikil endurvinnsla fer fram innan svæðisins og sem dæmi er allur afskurður af boltum endurbræddur í steypuskála. Helstu úrgangsefni sem myndast vegna framleiðslu eru skautleifar, kerbrót og algjall.

Árið 2017 var sett markmið um að draga úr myndun fram-leiðsluúrgangs til næstu 10 ára og er það hluti af stefnu-mörkun stjórnvalda um úrgangsforvarnir. Markmiðið er að myndunin fari úr 144 kg/t ál, sem er meðaltal áranna 2010 til 2017 niður í 139 kg/t ál árið 2027. Góður árangur náðist á síðasta ári eða 119 kg/t ál en árangurinn getur verið mjög sveiflukenndur milli ára.

Markvisst er unnið að því að draga úr notkun varasamra efna eins og sjá má í töflu fyrir grænt bókhald.

Meðhöndlun úrgangs 2022



Vatnsnotkun og frárennsli

Hjá ISAL er töluvert vatn notað til kælingar. Rafbúnaður er t.d. kældur með vatni og einnig er vatn notað til kælingar þegar álið er steipt í bolta. Vatnið kemur frá einum stærsta grunnvatnsstraumi landsins sem rennur til sjávar í Straumsvík. Vatnstakan hefur hverfandi áhrif á grunnvatnsstrauminn.

Frárennslisvatn frá álverinu er hreinsað með tvennum hætti áður en það er leitt í sjó. Annars vegar í rotþró og hins vegar í olíu- og fitugildrum. Reglulegt eftirlit er með þeim og þær tæmdar eftir þörfum. Með nýju starfsleyfi jókst tíðni sýnatöku í frárennsli frá því að vera árlega í mánaðarlega. Niðurstöðurnar má sjá í töflunni yfir grænt bókhald. Allar mælingar voru innan viðmiðunarmarka í starfsleyfi nema í einu tilfelli þegar svifagnir fóru yfir viðmiðunarmörk í einni af fimm útrásum í sýni teknu í mars (sjá töflu). Nánar má lesa um atvikið í kafla 7.5 Umhverfisatvik.

Hávaði

Hávaði frá álverinu er mældur árlega á 16 mælipunktum á lóðamörkum fyrirtækisins. Helstu hávaðauppsprettur eru súráslöndunarbúnaður og þurrhreinsistöðvar og eru mælingar framkvæmdar á meðan súráslöndun er í gangi. Hávaði við lóðamörk mældist innan viðmiðunarmarka í starfsleyfi (sjá töflu).

Umhverfisatvik

Á árinu 2022 voru 27 minni háttar umhverfisatvik skráð og 41 hér-um-bil atvik. Tólf atvikanna voru tilkynnt Umhverfisstofnun og er það heldur meira en fyrri ár. Aukinn fjöldi tilkynninga stafar meðal annars af nýjum sólarhrings viðmiðunarmörkum fyrir þurrhreinsistöðvarnar sem tóku gildi með nýju starfsleyfi. Nánari upplýsingar um atvikin sem voru tilkynnt Umhverfisstofnun er að finna hér fyrir neðan.


- Fimm tilkynningar voru vegna nýrra sólarhrings viðmiðunarmarka fyrir ryk og flúor frá þurrhreinsistöðvum. Í öllum tilvikum fór losunin rétt yfir viðmiðunarmörkin og urðu vegna bilunar í búnaði. Ekki er um frávik frá starfsleyfi að ræða þar sem ekki var eðlilegur rekstur þegar atvikin áttu sér stað.
- Þrjár stöðvanir þurrhreinsistöðva voru tilkynntar en í tveimur tilvikanna var stöðvunin rúmur klukkutími. Í öðru tilvikinu var rafmagnstruflun hjá Landsneti vegna óveðurs og í hinu tilvikinu bilun í dreifistöð hjá ISAL.
- Ein mæling í frárennsli var yfir viðmiðunarmörkum fyrir svifagnir og því frávik frá starfsleyfi. Líklega var hér um stakt tilfelli að ræða því aðrar mælingar á árinu voru allar vel undir viðmiðunarmörkum.
- Tveir olíulekar voru einnig tilkynntir til umhverfisstofnunar en líklegt þykir að nokkrir lítrar af olíu hafi borist í niðurföll.
- Önnur minniháttar atvik voru súrálslekar og þrír olíulekar sem bárust hvorki í niðurföll né jarðveg.

Afleiðingar ofangreindra umhverfisatvika eru litlar. Atvikin voru rannsökuð og gripið til úrbóta til að fyrirbyggja að þau endurtækju sig.

Vöktun

Loftgæði eru vöktuð á Hvaleyrarholti þar sem styrkur flúoríðs, brennisteinstvíoxíðs (SO₂) og brennisteinsvetnis (H₂S) er mældur. Loftgæðastöðin er rekin af ISAL og Umhverfisstofnun. Auk loftgæðamælinga eru tekin sýni af gróðri (barnnálum, laufi og grasi) og flúorinnihald mælt en flúor getur haft skaðleg áhrif á gróður og grasbíta. Á fimm ára fresti er fylgst með áhrifum rekstursins á lífríki sjávar en næsta rannsókn fer fram 2023.

Brennisteinstvíoxíð (SO₂), sólarhringsmeðaltal á Hvaleyrarholti



Loftgæði

Loftgæði á Hvaleyrarholti eru almennt góð og öll gildi fyrir brennisteinstvíoxíð (SO₂) undir viðmiðunarmörkum. Ársmeðaltal brennisteinstvíoxíðs (SO₂) var 1,4 µg SO₂/m³ sem er vel undir gróðurverndarmörkum 20 µg SO₂/m³. Hæsta dagsmeðaltal var 19,6 µg SO₂/m³ þann 22. janúar í suðvestan kalda, sem er vel undir heilsuverndarmörkum (125 µg/m³). Hæsta klukkustundar-meðaltal mældist 106,7 µg SO₂/m³ þann 13. ágúst, sem er einnig undir heilsuverndarmörkum (350 µg/m³). Rúmur þriðjungur þess SO₂ sem mælist er á Hvaleyrarholti kemur í suðvestan áttum og eru álverið og iðnaðarhverfin í Kapellu- og Hellnahrauni líklegar uppsprettur og tæpir tveir þriðju bárust úr öðrum áttum með umferð sem líklegustu uppsprettu.

Meðaltöl flúors voru svipuð og undanfarin ár. Meðaltalið fyrir gaskenndan flúor, reiknaðan sem HF er 0,02 µg HF/m³ og er langt undir gróðurverndarmörkunum 0,3 µg HF/m³. Hæsta mæligildi var 0,06 µg HF/m³ og mældist 22-26. júní í breytilegri suðvestan og norðaustan átt.

Áhrif eldgoss í Merardölum voru ekki merkjanleg á síðasta ári en þar hófst eldgos þann 3. ágúst og stóð í um 18 daga.


Frekari niðurstöður er að finna í skýrslu Hafrannsóknastofnunar: **Umhverfsvöktun Hvaleyrarholti. Mælingar í lofti. Mæligögn 2022** sem er aðgengileg á vefsvæði ISAL.

Gróður

Flúorinnihald í gróðri er hátt þegar miðað er við tímabilið frá 1992 og bendir dreifing hækkunar til áhrifa frá eldgosinu í Merardölum. Hækkun á gildum í grasi og laufi er aðallega vegna sýna sem tekin voru í september en eldgos í Merardölum, hófst 3. ágúst og hefur það leitt til hækkunar á flúor í gróðri í sýnum sem tekin voru í september. Öll gildi utan svæðis takmarkaðrar ábyrgðar eru þó undir viðmiðunargildum

Frekari niðurstöður er að finna í skýrslu Hafrannsóknastofnunar: **Flúormælingar í gróðri í umhverfi – Rio Tinto á Íslandi, Mæligögn 2022**, sem nálgast má á vefsvæði ISAL.

Flúor í gróðri Meðaltalsniðurstöður á milli 3,7 og 10,2 km radiuss frá álverinu.



Grænt bókhald 2018–2022

	Mælieining	2018	2019	2020	2021	2022	Markmið 2022
Framleiðslan							
Framleiðsla í kerskálum	tonn	212.091	183.628	183.459	202.811	202.268	
Hráefna- og auðlindanotkun							
Raforka	Gwst	3.359	2.994	2.912	3.168	3.183	
Súrál	tonn	406.155	351.665	351.323	388.384	387.343	
Rafskaut	tonn	86.548	76.610	74.647	82.880	84.004	
Svartolía	tonn	2.105	1.803	-	-	-	
Flotaolía (DMA)	tonn		567	1.510	2.702	1.325	
Diselolía	tonn	787	622	696	497	521	
Própangas	tonn	73	77	63	56	593	
Kalt vatn	m³/t Al	49,8	55,9	52,7	48,5	44,8	
Notkun varasamra efna							
Kervíðgerðarefni	tonn	1,7	2,3	1,7	2,3	2,8	
Kragasalli	tonn	3.003	1.923	1.581	1.641	1.887	
Losun í andrúmsloft							
Heildarflúorið	kg/t Al	0,57	0,50	0,45	0,42	0,50	0,5
Ryk	kg/t Al	0,6	0,54	0,47	0,49	0,72	1,0
Brennisteinstvíoxíð	kg/t Al	13,5	13,0	12,6	13,9	13,9	16,0
Þar af frá skautum	kg/t Al	12,7	12,6	12,1	13,5	13,7	15
Þar af frá súráli	kg/t Al	0,6	0,3	0,5	0,4	0,2	
Þar af frá jarðefnaeldsneyri	kg/t Al	0,1	0,1	0,01	0,02	0,01	
Gróðurhúsalofttegundir innan ETS (umfang 1) ¹⁾	t/t Al	1,54	1,59	1,51	1,53	1,55	1,55
Þar af CO ₂ frá skautum	t/t Al	1,45	1,48	1,45	1,47	1,49	
Þar af flúorkolefni (PFC)	t/t Al	0,051	0,07	0,022	0,025	0,026	
Þar af CO ₂ frá jarðefnaeldsneyti	t/t Al	0,035	0,044	0,031	0,043	0,029	
Gróðurhúsalofttegundir utan ETS ²⁾	tonn	1.924	2.111	1.681	1.724	1.812	
Þar af frá vinnuvélum (umfang 1)	tonn	1.709	1.802	1.565	1.584	1.689	1.720
Þar af frá kælimiðlum (umfang 1)	tonn	118	190	29	65	37	
Þar af frá urðun úrgangs (umfang 3)	tonn	97	119	87	75	86	
Þar af frá raforku (umfang 2)	tonn	30.907	29.338	30.572	32.629	32.782	
Losun í frárennsli							
Olía og fita	mg/l	<2-13	3-17	<2	<2-6	<2-9	<15
Ál	mg/l	0,06-1,6	0,02-0,23	0,03-0,13	0,04-0,08	0,01-5	<20
Flúorið	mg/l	0,35-9,7	0,18-5,5	0,05-1,6	0,14-0,61	0,05-18	<50
Svifagnir	mg/l	<2-30	<2-10	<2-4	<2-3	1-63	<50
Úrgangsmál							
Almennur úrgangur							
Endurunninn	tonn	22.987	19.817	19.925	18.390	17.715	
Urðað utan svæðis	tonn	730	486	487	454	586	
Þar af jarðefni og múrbrot	tonn	380	147	181	198	285	
Spilliefni							
Endurunnið	tonn	3.121	3.199	2.617	3.398	3.146	
Þar af álgjall	tonn	3.098	3.180	2.603	3.380	3.114	
Brennd	tonn	62	50	79	37	42	
Urðað utan svæðis	tonn	0,5	1,2	0,9	0,59	0,66	
Urðað í flæðigryfjur	tonn	4.386	4.504	4.191	5.082	4.816	
Þar af kerbrot	tonn	4.037	4.167	3.725	4.563	4.436	
Hávaði og umhverfisatvik							
Hávaði við lóðamörk (lægsta-hæsta)	dB	48,9-69,7	21,8-65,2	54,9-68,5	58,2-69,1	47,7-65,6	<70
Frávik frá starfsleyfi í árslok	fjöldi	1	0	0	0	0	0

1) Viðskiptakerfi Evrópu með losunarheimildir (ETS)
2) Umfang 1 er bein losun frá starfseminni, umfang 2 er óbein losun vegna hitunar eða rafmagns, umfang 3 er önnur óbein losun

Grænar tölur = markmiði náð Rauðar tölur = markmiði ekki náð Svartar tölur = markmið ekki skilgreint



Fólkið í Straumsvík


Mikilvægasta auðlind okkar er hæft, áhugasamt og jákvætt starfsfólk sem skapar öruggan og eftirsóknarverðan vinnustað þar sem fjölbreytileiki og jafnrétti er haft að leiðarljósi. Við leggjum því mikið upp úr að hafa framúrskarandi starfsfólk og leggjum mikla áherslu á starfsþróun og þjálfun í starfi.

Fjöldi starfsfólks hjá ISAL var 371 í árslok 2022 í 364 starfsgildum. Þar af voru 80% karlar og 20% konur en engin með skráð hlutlaust kyn í þjóðskrá. Í framkvæmdastjórn ISAL sitja sjö aðilar, þrjár konur og fjórir karlar.

Stærstur hluti starfsfólks fylgir kjarasamningi milli ISAL og hlutaðeigandi verkáðsfélaga, þ.e. Verkáðsfélagsins Hlífar, VM, FIT, Rafiðnaðarsambands Íslands og VR.

Sérfræðingar og stjórnendur eru með einstaklingsbundna samninga sem taka mið af launa- og frammistöðumatskerfi Rio Tinto og samningum á íslenskum vinnumarkaði.

Fjöldi starfsfólks eftir kyni og aldri




Af nýráðningum ársins 2022 voru 22% konur og 78% karlar ef ráðningar sumarstarfsfólks eru undanskildar. Séu sumarráðningar teknar með er hlutfall kvenna 40% af nýráðningum ársins. Árið 2022 voru ráðnir 122 einstaklingar í sumarafleysingar og var hluti endurkomustarfsfólks 39%. Af nýráðnu sumarstarfsfólki voru 48% konur en 52% karlar. Starfsmannavelta var 6,4%.

Velferð starfsfólks og fjölskyldna þeirra skiptir okkur miklu máli þar sem báðir foreldrar taka sameiginlega ábyrgð á nýjum fjölskyldumeðlimum.


Réttindi foreldra í fæðingarorlofi voru aukin árið 2022 með lengingu á fæðingarstyrk í 18 vikur úr 6 vikum. Styrkurinn samanstendur af fullum reglulegum launum og heimilt er að taka út réttinn í allt að 24 mánuði frá fæðingu barns.

Nýráðningar eftir aldri og kyni – án sumarstarfsfólks



Við viljum leggja áherslu á að skapa starfsumhverfi þar sem starfsfólki þykir eftirsóknarvert að snúa aftur til baka að loknu fæðingarorlofi. Á árinu 2022 fóru 33 einstaklingar í fæðingarorlof. Í árslok höfðu 29 þeirra snúið aftur til starfa en fjórir voru enn í fæðingarorlofi.

Fjöldi í fæðingarorlofi



Jafnrétti

Stefna Rio Tinto á Íslandi er að skapa eftirsóknarverðan vinnustað þar sem fjölbreytileiki og jafnrétti er haft að leiðarljósi. Stefnan stuðlar að jafnrétti kynja, þar með talið að greidd séu sambærileg laun fyrir sömu eða jafn verðmæt störf. Markmið jafnréttis- og jafnlaunastefnu ISAL er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum starfsfólks þannig að reynsla, þekking og hæfileikar þeirra nýtist sem best. Við fylgjum í einu og öllu lögum, reglum og kjarasamningum um jafnrétti og kjör starfsfólks. Stefna þessi nær til og er kynnt öllu starfsfólki. Í jafnréttisáætlun er að finna lýsingu aðgerða sem stuðla að stöðugum umbótum, eftirliti og viðbrögðum.

Við fögnum fjölbreytileikanum og drögum fólk ekki í dilka eftir kyni, aldri, trú, útliti eða neinu því sem greinir okkur að. Fjölbreyttur vinnustaður er góður vinnustaður og þannig viljum við að ISAL sé.

Við teljum að koma eigi fram við alla af virðingu. Yfirgangur, ógnun eða hótun af öllu tagi er ekki ásættanlegt á okkar vinnustað. Til að vinna að framgangi þessa mála-flokks er starfandi eineltisteymi og fagráð um vellíðan á vinnustað.

ISAL er vottað samkvæmt jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012 síðan 2019.

Samkvæmt staðlinum ber fyrirtækjum að framkvæma árlega launagreiningu ásamt því að leggja fram úrbætur ef launagreining ber með sér niðurstöðu um óútskýrðan launamun.


Niðurstaða úr launagreiningu í janúar 2023 var að einungis er 0,83% óútskýrður launamunur körlum í vil. Skýringarhlutfallið er 95,7% sem þýðir að einungis 4,3% launadreifingar heildarlauna eru óútskýrð.

Markmið ISAL er að hlutfall þess kyns sem minna er af í hverjum starfaflokki sé að lágmarki 20%. Þessu markmiði hefur verið náð að hluta en það er áskorun, sérstaklega meðal iðnaðarmanna, enda hafa fáar konur valið nám í t.d. vélvirkjun og bifvélavirkjun.

ISAL hefur ávallt verið í farabroddi þegar kemur að því að tryggja öryggi starfsfólks og hefur því samþykkt verklag sem fjallar um viðbrögð og stuðning við starfsmenn sem eru þolendur heimilisofbeldis. Tilgangurinn er annars vegar að styðja við þolendur heimilisofbeldis og hins vegar hvetja þá til að leita sér hjálpar.

Auðvitað vonum við að enginn starfsmaður þurfi að nýta sér stuðninginn en ef einhver starfsmaður er þolandi heimilisofbeldis vill fyrirtækið leggja sitt að mörkum.

Kynjahlutföll stjórnenda og starfsfólks



Mannréttindi

Mannréttindastefna Rio Tinto á Íslandi virðir og styður reisin, velferð og mannréttindi starfsfólks, samfélagsins og þeirra sem starfsemi okkar hefur áhrif á. Við gerum áreiðanleikakannanir til að greina, koma í veg fyrir og draga úr skaðlegum áhrifum starfsemi okkar á mannréttindi. Þetta felur í sér að framkvæma sjálfstæðar rannsóknir þar sem þörf krefur. Við bjóðum samfélaginu upp á að gera athugasemdir og kvarta yfir starfsemi okkar.

Jafnréttissprotinn 2022

Árlega halda Samtök atvinnulífsins og Háskóli Íslands fund um jafnréttismál þar sem Hvatningarverðlaun jafnréttismála eru afhent fyrir kynjajafnrétti og Jafnréttissprotinn afhentur vegna framtaks m.t.t. til fjölmennningar, fötlunar og annarra brýnna viðfangsefna jafnréttismála.

Markmiðið er að vekja athygli á fyrirtækjum, sem sett hafa jafnrétti á oddinn og jafnframt að hvetja önnur fyrirtæki til þess að gera slíkt hið sama. Rio Tinto á Íslandi fékk Jafnréttissprotann árið 2022 og hér má sjá niðurstöðu dómnefndar:

Við hlustum á og grípum til aðgerða til að bregðast við kvörtunum.

Nálgun okkar að mannréttindum byggir á Mannréttinda-yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og leiðbeiningum Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi. Við leggjum okkur fram við að gera grein fyrir starfsemi okkar og áhrifum á samfélagið. Við höfnum hvers kyns þrælahaldi, nauðungar- eða barnavinnu.

„Jafnréttismál hafa löngum verið hornsteinn í starfsemi Rio Tinto á Íslandi og hlutu þau til að mynda Hvatningarverðlaun jafnréttismála fyrst fyrirtækja árið 2014. Nýlega hafa tvö ný frumkvæðisverkefni verið innleidd í starfsemi fyrirtækisins sem eru veigamikil og framsækil skref í jafnréttismálum. Annars vegar er um að ræða útfærslu á fæðingarstyrk og hins vegar stuðningur við starfsfólk sem er þolandi heimilis- ofbeldis. Rio Tinto einsetur sér að vera í fremstu röð og eru þessi verkefni til marks um vilja fyrirtækisins og ásetning um að setja jafnrétti, hagsmuni og velferð starfsfólks í forgang. Stuðningur við þolendur heimilisofbeldis hefur vakið verulega athygli annarra fyrirtækja og leggur Rio Tinto áherslu á að vera leiðandi á vinnumarkaði til framtíðar með jafnrétti að leiðarljósi.“



Fræðslumál

Fræðslustundir ársins 2022 voru 7.958 og jafngildir það því að allt starfsfólk hafi hlotið að meðaltali 22 klukkustundir í þjálfun á árinu. Fræðsla, endurmenntun og reglubundin þjálfun er hluti af daglegum störfum á vinnustaðnum. Skipulögð þjálfun og fræðsla fer fram allt árið.

Fjölbreytt námskeið stóðu starfsfólki til boða á árinu og eru fræðslustundir nú orðnar sambærilegar og fyrir Covid. Þar bar hæst námskeið um „Virðingu alla daga“ (Everyday Respect). Fyrri hluti námskeiðsins fjallaði um forvarnir gegn einelti, kynferðislegu og kynbundnu áreiti og ofbeldi. Seinni hluti námskeiðsins fjallaði um fjölmenningu og hvernig fjölmennir hefur áhrif á daglegt líf á vinnustaðnum.

Í lok árs var nýtt skráningar- og fræðslukerfi fyrir verktaka innleitt sem heldur utan um fræðslu og réttindi þeirra verktaka sem eru að vinna á athafnasvæði ISAL.

Á árinu var byrjað að leggja áherslu á íslenskukennslu fyrir starfsfólk með annað móðurmál en íslensku. Með því viljum við vera eftirsóknarverður vinnustaður fyrir fólk með fjölbreyttan bakgrunn.

Hjá ISAL hefur Stóriðjuskólinn verið starfræktur frá árinu 1998. Markmið skólans er að auka verðmætasköpun og samkeppnisfærni, auðvelda innleiðingu breytinga og gera vinnustaðinn eftirsóknarverðari. Námið er hugsað til að efla þekkingu, öryggi og starfsánægju og auka möguleika á starfsmenntun og þróun í starfi. Nýr hópur í grunnnámi Stóriðjuskólans hóf nám í byrjun árs 2022 og mun útskrifast á árinu 2023.

Fjöldi þeirra sem hefur útskrifast úr grunnnámi eru 251 og eru 49% þeirra starfandi hjá fyrirtækinu í dag. Alls hafa 50 útskrifast úr framhaldsnámi og eru 70% þeirra starfandi í dag.

Allt nýtt starfsfólk fær grunnfræðslu í heilbrigðis-, öryggis- og umhverfismálum áður en það hefur störf. Mánaðarlega eru haldnir fundir sem allt starfsfólk sækir, þar sem farið er yfir helstu atriði er varða heilbrigðis-, öryggis- og umhverfismál. Þar gefst einnig tækifæri til að ræða sértæk atriði sem eiga við hvert vinnusvæði fyrir sig. Vikulega er gefið út HSE þema og er það góð leið til að skerpa á áherslum og koma skilaboðum til starfsfólks á kerfisbundinn hátt.

Starfsfólk getur sótt um formlega styrki til náms, annars vegar vegna háskólanáms með vinnu og hins vegar iðnnáms með vinnu. Veittir eru að hámarki 2 styrkir á ári vegna háskólanáms og 4 á ári vegna iðnnáms.

Starfsmannasamtal er hluti af starfsþróun almenns starfsfólks. Tilgangur starfsmannasamtala er að efla liðsanda og tryggja að kröfur, þarfir og væntingar stjórnenda og starfsfólks séu ljósar og að samráð sé haft um umbætur. Samtalið á að gefa starfsmanni og stjórnanda færi á að ræða verkefni, möguleg vandamál og aðgerðir til úrbóta. Það er jafnframt tæki starfsmanns til að hafa áhrif á eigið starf, hæfni, starfsþróun og fræðslu. Áhersla samtala ársins var á eigin líðan.

Frammistöðumatskerfi Rio Tinto er notað fyrir sérfræðinga og stjórnendur til að meta frammistöðu þeirra í starfi og mögulega starfsþróun, samtöl eru tekin tvisvar á ári.

Heilbrigðismál

ISAL er umhugað um heilsu starfsmanna sinna og leggur áherslu á „að stuðla að heilbrigðu lífi sem veitir lífsfyllingu alla ævi“. Markmiðið er að byggja upp gott og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem veldur ekki atvinnutengdum sjúkdómum og jafnframt að hvetja starfsmenn til að taka ábyrgð á eigin heilbrigði, bæði andlegu og líkamlegu.

Árleg vöktun með tilliti til álags vegna efna, hávaða, titrings auk álags á stoðkerfi er mikilvægt skref í að tryggja heilsusamlegt vinnuumhverfi. Að jafnaði eru framkvæmdar 350 mælingar á mismunandi þáttum í vinnuumhverfinu árlega. Hið sama gildir um reglubundið heilsufarseftirlit þar sem lögð er áhersla á að fylgjast með áhrifum vinnuumhverfis á heilsu, t.d. öndunarfæri og heyrn auk almenns heilbrigðis. Á hverju ári fara að jafnaði 300 starfsmenn í reglubundið heilsufarseftirlit sem framkvæmt er af hjúkrunarfræðingi og trúnaðarlækni á starfstöð ISAL. Engin vinnutengd veikindi eða atvinnu-sjúkdómar voru tilkynntir á árinu.

Umbætur í vinnuumhverfi eru mikilvægar, sífellt þarf að hafa í huga hvernig hægt er að bæta þannig að draga megi úr álagi.

Fimm ára áætlun – verkefni heilbrigðismála

Árið 2020 var fyrst gerð verkefnaáætlun til fimm ára, en það er listi yfir umbótaverkefni sem hafa það að markmiði að draga úr álagi á starfsfólk. Til grundvallar voru áhættugreiningar og niðurstöður mælinga í vinnu-umhverfi. Tuttugu verkefnum var lokið á árinu 2022 sem lútu að því að draga úr álagi á stoðkerfi ásamt því að draga úr hávaða og mengun.

Nokkur dæmi um verkefni sem lauk á árinu:

- Hljóðdeyfir á þakblásara í skautsmiðju – jafngildis-hávaði lækkaði umtalsvert eða úr 86 dBA í 76 dBA
- Nokkur ný rafmagnstæki, s.s. sópar og snattbílar – draga úr díselmengun, draga úr óþarfa göngu auk mun betri sópunar sem dregur úr rykmengun
- Vinnulyfta – auðveldar viðhald og bætir aðbúnað varðandi stoðkerfi
- Gólf á verkstæði endurnýjað – dregur úr stoðkerfis-álagi og auðveldar þríf
- Bætt vinnuaðstaða á nokkrum svæðum s.s. lýsing, borð, stólar og hillur
- Andleg líðan, kvíði og streita

Andleg líðan á vinnustað er í senn viðkvæmur og mikil-vægur hluti heilbrigðismála. Til að auka vægi þess var hann gerður hluti af reglubundnu heilsufarseftirliti frá og með 2021. Starfsfólk er spurt um andlega líðan í vinnunni, kvíða og streitu. Tæp 63% starfsfólks svöruðu þessum spurningum í heilsufarseftirliti þetta ár, samanborið við 68% árið 2021. Álíka margir finna fyrir vinnutengdum kvíða bæði árin eða um 4% en aðeins fleiri telja sig finna fyrir kvíða almennt á þessu ári, samanborið við 2021 eða 12,5% á móti 9,2%. Vinnutengd streita mælist ívið hærri en nú eða 10,3% á móti 7,1% árið 2021 þó hlutfall þeirra sem finna fyrir streitu sé álíka bæði árin. Hugsanlega má tengja það við Covid, en eftir nokkuð rólegri tíma jókst álagið þegar starfsemin komst aftur að fullu í gang. Þrátt fyrir það líður langflestum vel í vinnunni eða 98% og 99% eiga í góðum samskiptum á vinnustað.

Svefnskimun

Góður svefn er ein af grunnstoðum góðrar heilsu, ásamt mataræði og hreyfingu. Svefn er einnig nátengdur and-legri líðan því streita og álag geta verið undanfari þess að sofa illa auk þess sem vaktavinna getur haft mikil áhrif á gæði svefns. Ein af áherslum ársins var að bjóða starfsfólki að taka þátt í svefnskimun og í kjölfarið, þeim sem eiga við svefnvandamál að stríða, vefmeðferð við þeim vanda. Þátttaka var þokkaleg eða 36% starfsfólks tók þátt í skimuninni og skiptist hlutfall svarenda nokkuð jafnt milli dag- og vaktavinnufólks. Helstu niðurstöður sýndu að tæp 70% vaktavinnufólks telja að svefnvanda-mál hafi neikvæð áhrif á daglegt líf þeirra, hlutfallið var tæplega 50% meðal dagvinnufólks. Þetta er nokkuð hátt hlutfall og gefur tilefni til frekari skoðunar.

Á tímum Covid-19

Fyrstu mánuði ársins voru takmarkanir enn í gildi vegna Covid-19 en þeim var öllum aflétt í lok febrúar. Árið var því eins og hefðbundið ár hvað varðar vöktun á vinnuumhverfi og reglubundnu heilsufarseftirlit.

Fagráð um vellíðan á vinnustað

ISAL leggur áherslu á vellíðan og góðan starfsanda. Líður í því er að vera með Fagráð um vellíðan á vinnustað sem vinnur markvisst að því að koma í veg fyrir að einelti, kynferðisleg og kynbundið áreitni og ofbeldi geti þrífist hjá fyrirtækinu. Hlutverk Fagráðs er að sinna forvörnum, áhættugreiningu og fræðslu. Fagráðið skipa leiðtogar heilbrigðismála, fræðslumála og starfsmannapjónustu.

Áhersla Fagráðsins árið 2022 var á vellíðan og voru fjölmargir viðburðir tengdir því. Þema vikunnar var í nokkur skipti tileinkað geðheilsu meðal annars „Hugum að geðheilsunni“, „Fimm leiðir að vellíðan“, „Hugum að líðan samstarfsfólks“, „Svefn“ og „Streitulaus desember“.

Á haustmánuðum var öllu starfsfólki gefin gjöf „Leiðin að vellíðan“ sem innihélt m.a. D vítamín, nærandi og

slakandi jurtate, íslenskt handgert konfekt og kerti ásamt áskrift að Storytel. ISAL-hreysti, keppni í anda Skólahreysti, var haldin þar sem starfsfólk atti kappi hvert við annað í skemmtilegum þrautum. Þá var bryddað uppá þeirri nýbreytni að bjóða starfsfólki að bóka tíma hjá sálfræðingi á svæðinu og var því vel tekið og tímarnir nánast fullnýttir.

Á haustmánuðum var boðið uppá fyrirlestur um svefn og gerð var könnun á svefnvenjum starfsfólks á vegum Betri Svefns. Í kjölfarið bauðst þeim sem töldu sig eiga við svefnvandamál að stríða að þiggja nokkurra vikna meðferð til að takast á við þann vanda. Fagráð lauk árinu með áherslu á stresslausan desember.

Áætlað er að halda áfram með áherslu á vellíðan á árinu 2023 með ýmsum hætti, uppákomum, vitundarvakningu og fræðslu.



Öryggismál

Sýn okkar er að ekkert sé mikilvægara en að starfsfólkið snúi heilt heim frá vinnu og að ekkert verk sé svo mikilvægt að fórna megi örygginu við framkvæmd þess. Skaðlaus vinnustaður er forsenda framúrskarandi árangurs.

Kerfisbundið eru borin kennsl á hættur í vinnuumhverfinu og fundnar leiðir til þess lágmarka áhættuna. Gerð er áhættugreining fyrir öll vinnusvæði og störf og er hún einnig hluti af undirbúningi allra framkvæmda. Greining og stjórnun áhættuþátta er best tryggð með sameiginlegri nálgun hagaðila. Fulltrúar starfsfólks taka virkan þátt í gerð áhættugreininga og vinnulýsinga og á daglegum fundum er farið yfir helstu áhættur dagsins og stýringu á þeim.

Hjá ISAL er starfandi öryggisnefnd sem er skipuð fulltrúum fyrirtækisins og starfsfólks og er hún samskiptavettvangur þessara aðila í málum er lúta að heilbrigðis- og öryggismálum. Markmið hennar er að hittast fjórum sinnum á ári og fara yfir heilbrigðis- og öryggismál hjá fyrirtækinu, helstu áherslur og fleira tilfallandi.

Neyðarvarnarstjórn ISAL er skipuð framkvæmdastjórn ásamt öðrum stjórnendum sem hafa viðtæka þekkingu á starfseminni. Helstu rekstraráhættur fyrirtækisins hafa verið metnar og útbúnar viðbragðs- og endurreisnaráætlanir fyrir þær. Neyðarvarnarstjórn er kölluð saman ef atvik verða og vinnur hún þá samkvæmt viðeigandi áætlunum. Að auki eru að lágmarki tvær æfingar neyðarvarnarstjórnar á ári þar sem ákveðin áhætta er tekin fyrir í hvert sinn. Slíkar æfingar eru gjarnan gerðar í samstarfi við fjölmargra viðbragðsaðila á landinu.

Sérstök öryggisskýrsla fyrir ISAL er unnin reglulega, hún er birt og öllum aðgengileg á vef fyrirtækisins. Í henni er fjallað ítarlega um varnir gegn stórslysum og gegn hættulegum efnum. Nýjasta skýrslan var gefin út í ársbyrjun 2023. Í henni er starfseminni lýst og umhverfi hennar. Slysahættu og greiningu á þeim er lýst nákvæmlega auk forvarna. Einnig er farið er yfir varnir og viðbúnað til að draga úr afleiðingum slysa.

Öryggisferlar

Leiðarvísir ISAL í öryggismálum er öryggisþroskalíkan (safety maturity model) sem Rio Tinto gaf út árið 2019. Áætlað er að vinna eftir þessu líkani til ársins 2025 til að bæta öryggismenningu fyrirtækisins. Líkanið inniheldur fjögur meginatriði, virkni yfirmanna gagnvart öryggismálum, áhættustýringu, skipulagningu vinnu m.t.t. öryggismála, lærdóm og endurbætur. Áhersla er á að bæta virkni yfirmanna gagnvart öryggismálum með áherslu á markþjálfun verkstjóra. Einnig er lögð áhersla á að bæta skipulagningu vinnu með tilliti til öryggismála með sérstökum öryggisgátlistum fyrir starfsfólk. Líkanið tekur einnig sérstaklega til banaslyshættu en fyrir hana er notað sérstakt kerfi sem kallast Critical Risk Management (CRM). Í því kerfi eru öryggisstýringar fyrir banaslyshættu rýndar sérstaklega og kannað hvort þær séu í lagi. Í CRM hefur allt starfsfólk hlutverki að gegna og er slík rýni framkvæmd oft á ári.

Sérstakir ferlar eru til staðar fyrir stórslysavarnir sem kallast öryggi ferla og búnaðar (Process Safety). Þar er rýnt í verkferla og búnað í þeim tilgangi að koma auga á úrbætur til að fyrirbyggja sprengingar, efnaleka, elda og fleira sem gæti valdið banaslysum eða valdið rekstrarstöðvun með meiriháttar tjóni á mikilvægum búnaði.

Slys og önnur öryggisatvik

Öll atvik sem verða hjá ISAL svo sem slys, hér-um-bil-slys og hættutilvik eru tilkynnt, í kjölfarið rannsökuð nánar og niðurstöður notaðar til að gera viðeigandi úrbætur. Við drögum lærdóm af þeim atvikum sem verða hjá ISAL, móðurfélaginu og utan fyrirtækisins þannig að fyrirbyggja megi sambærileg atvik. Slys eru tilkynnt viðeigandi aðilum og haldið er utan um tölfærð slysa og annarra atvika samkvæmt viðurkenndum aðferðum.

Alls bárust 800 tilkynningar á árinu 2022 sem vörðuðu heilbrigðis-, öryggis- eða umhverfismál. Af þeim voru sex skyndihjálparslys og þrjú alvarleg slys. Tíðni slysa er reiknuð fyrir hverjar 200.000 vinnustundir og var hún 0,76 fyrir alvarleg slys, og 2,3 fyrir öll slys þ.e., skyndihjálparslys og alvarleg slys.

Heilög Barbara fannst við uppgröft Kristjáns Eldjárns árið 1950 í Kapelluhrauni beinti á móti ISAL. Heilög Barbara var dýrkuð sem verndarvættur gegn jarðeldum. Eðlisþyngd afsteypunnar úr áli er 2,7 g/cm³ en úr bronsi 8,8g/cm³.



Samfélag

Að starfa í sátt við umhverfi og samfélag er eitt af áherslumálum ISAL. Það felst meðal annars í því að sýna ábyrgð í starfseminni, gera ítarlega grein fyrir henni og gefa þeim sem hagsmuna eiga að gæta af starfsemi okkar tök á að kynna sér hana og koma með athugasemdir og hafa þannig áhrif. Einnig er það sérstakt áherslumál okkar að skilja samfélagið vel, þróun þess og áskoranir enda er starfsemi okkar hluti af nærsamfélaginu. Gagnvart því er útgáfa samfélagsskýrslu lykilþáttur.

Árið 2021 var endurnýjaður samningur okkar við ÍBH og Hafnarfjarðarbæ um íþróttastarf barna og unglinga. Gerður var þriggja ára samningur en samkvæmt honum er heildarupphæð sem ISAL leggur til á samnings- tímanum a.m.k. 30 milljónir króna eða sem svarar 10 milljónum á hverju ári. Í desember 2022 voru gerðar smávægilegar endurbætur á samningnum. Framlag fyrir- tækisins var hækkað um 1 m.kr. á ári, bætt inn ákvæðum í samræmi við siðareglur Rio Tinto en einnig gerðar breytingar á sérstöku aukaframlagi vegna jafnréttismála. Breytingin felst í því að tekinn er upp hvati fyrir aðildar- félög ÍBH að sækja sér sérstaka gæðavottun fyrir starf- semi sína og tryggja þar með framgang mennta- og jafnréttismála með utanaðkomandi vottun.

Heimsóknir í Straumsvík

Við leggjum áherslu á að fá til okkar gesti og hagsmuna- aðila og kynna þeim starfseminna en ekki síður að fá endurgjöf á okkar starf. Skráðar heimsóknir til ISAL 2022 voru 285 samanborið við 60 árið 2021 og 50 árið 2020 sem einkenndust af Covid-19. Allir gestir sem koma til ISAL þurfa að fara í gegnum öryggiskynningu og áður en hægt er að fara um svæðið fá þeir viðeigandi öryggis- búnað, slopp, hjálm og gleraugu.

Kvartanir, ábendingar, hrós og kvartanir

Fyrirtækið leggur áherslu á að allir hagsmunaaðilar okkar geti óhindrað komið að ábendingum, kvörtunum og hrósi til fyrirtækisins. Á vefsvæði fyrirtækisins, www.isal.is og á Facebook svæði félagsins, er hægt að koma ábendingum á framfæri. Einnig er hægt að hringja en starfsfólk okkar er þjálfað í að taka á móti slíkum ábendingum. Allar kvartanir, ábendingar eða hrós eru skráðar um leið og þær berast og einsetjum við okkur að svara þeim og bregðast við á viðeigandi hátt og tryggja réttindi þess sem vill kvarta eða koma athugasemdum á framfæri.

Kvartanir mega líka vera nafnlausar en þá er eðlilega ekki hægt koma athugasemdum á framfæri við þann sem kvartar en eftir sem áður sinnum við slíkum kvörtunum með sama hætti og öðrum. Á árinu 2022 barst okkur ekki nein kvörtun.



Íslensku bjartsýnisverðlaunin

Bjartsýnisverðlaunin eru menningarverðlaun sem hafa verið afhent árlega frá árinu 1981. ISAL hefur verið bakhjarl verðlaunanna frá árinu 2000. Forseti Íslands hefur frá upphafi verið verndari verðlaunanna. Sigríður Soffía Nielsdóttir hlaut verðlaunin árið 2022 sem eru ein og hálf milljón króna og áletraður gripur úr áli sem framleiddur er í Straumsvík.

Hagsmunaaðilar


Starfsemi ISAL er víðamikil og hefur snertingu við margvislega hagsmunaaðila. Fyrir okkur skiptir miklu máli að skilja þá og eiga í reglulegum og viðeigandi

samskiptum við þá. Hér gefur að líta yfirlit hefur helstu hópa hagsmunaaðila ISAL og mat okkur á væntingum þeirra til okkar auk lýsingar á samskiptum okkar við þá.

Hagsmunaaðili	Væntingar	Samskipti
Starfsfólk	Öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi Kjarasamningar Starfsþróun og menntun Jafnrétti og fjölbreytileiki Persónuvernd	Stöðug
Nærsamfélag	Umhverfisáhrif Atvinna og skatttekjur Óbein efnahagsáhrif	Útgáfa samfélagsskýrslu Ábendingar frá samfélaginu Facebook síða fyrirtækisins
Birgjar og verktakar	Verkefnastaða og framleiðsla Fjárfestingar og endurbætur	Eins og þurfa þykir
Viðskiptavinir	Gæðavörur í samræmi við óskir viðskiptavina Afhendingar á réttum tíma Grænn málmur	Eins oft og þurfa þykir Birgjamat Heimsóknir
Stjórnvöld	Skatttekjur og atvinna Útflutningur og efnahagslegt framlag Árangur í umhverfismálum Árangur í loftslagsmálum	Formlegir samráðsfundir Eins og þurfa þykir
Eigandi	Fjárhagsleg afkoma Árangur í öryggismálum Árangur í umhverfismálum Árangur í heilbrigðismálum Framleiðsla	Stöðug samskipti við móðurfélag og reglulegir stjórnarfundir
Landsvirkjun	Raforkunotkun Raforkuverð Vatnsbúskapur og afhending raforku	Regluleg samskipti
Eftirlitsstofnanir	Árangur í umhverfis- og öryggismálum	Reglulegir og formlegir samráðsfundir Eftirlitsskýrslur
Atvinnurekendasamtök	Kjarasamningar Samkeppnishæfni og efnahagsþróun	Eins og þurfa þykir
Önnur samtök fyrirtækja	Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja Miðlun upplýsinga og reynslu	Eins og þurfa þykir
Fjölmíðlar	Gagnsæjar upplýsingar og hreinskiptin samskipti	Eins og þurfa þykir


Hvað skiptir máli

Árlega förum við vandlega yfir það hvaða atriði í okkar starfsemi skipta okkar helstu hagsmunaaðila mestu máli. Þessi atriði eru breytileg frá einum tíma til annars og eru stöðugt í endurskoðun. Í þessari vinnu horfum við inn á við og leggjum mat á áherslur og væntingar starfsfólks og stjórnenda en á sama tíma veltum við því upp hvernig sömu þættir snúa að okkar ytri hagsmunaaðilum. Er þetta ferli gert í anda GRI og uppfært eftir því sem mat á aðstæðum breytist. Einnig leggjum við stöðugt mat á okkar helstu hagsmunaaðila og væntingar þeirra til okkar og högum samskiptum okkar við þá til samræmis við það.



Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og ISAL

Við höfum einsett okkur að vinna í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Heimsmarkmiðin eru ákveðið leiðarstef í áherslum okkar og tökum við mið af þeim við rekstur fyrirtækisins, stefnumótun og ákvarðanatöku. Starfsemi okkar tengist öllum heimsmarkmiðum en í mismiklum mæli þó. Okkar greining á markmiðum gaf til kynna að við höfum mest áhrif á heimsmarkmið 4, 5, 7, 8, 9, 12 og 13. Þessi stefna var fyrst mörkuð árið 2018 og hefur síðan verið unnið að ýmsum verkefnum og áherslum á þessum sviðum.



Efnahagslegir þættir

Efnahagsleg áhrif af starfsemi ISAL eru mikil enda er fyrirtækið meðal stærstu fyrirtækja landsins. Áhrifin eru af ýmsum toga. Öll okkar framleiðsla er til útflutnings og skapar þannig verðmæta gjaldeyristekjur. Starfsfólk okkar er ríflega 370 talsins og bein störf í Straumsvík eru samtals um 500 þannig að bein laun og launa-tengd gjöld vegna starfsemi okkar eru há auk þess sem laun almenns starfsfólks í áliðnaði eru jafnan hærri en í sambærilegum störfum. Við kaupum mikla raforku af Landsvirkjun og kaup okkar á vöru og þjónustu á innlendum markaði eru mikil.

Tekjur fyrirtækisins á síðasta ári námu 873,9 milljónum dollara samanborið við 706,8 milljónum dollara árið á undan og hafa aldrei verið hærri. Ástæða hækkandi tekna eru fyrst og fremst hátt álverð á fyrri hluta síðasta árs. Hagnaður ársins fyrir skatta var 161,6 milljónir dollara eða sem svarar 21,8 milljarði króna. Áætluð tekjuskattgreiðsla fyrirtækisins fyrir árið 2022 er í kringum 1.000 milljónir króna en endanlegt skattauppgjör liggur ekki fyrir.

Laun og launatengd gjöld námu 45,6 milljónum dollara eða sem svarar 6.177 milljónum króna.

ISAL nýtti sér þjónustu 23 verktakafyrirtækja á árinu 2022. Starfsmenn þeirra á svæðinu voru að meðaltali 138 talsins og unnu þeir samtals 242.180 vinnustundir sem er 7,5% aukning frá fyrra ári.

Greiðslur okkar til Hafnarfjarðarbæjar á síðasta ári námu 331,4 milljónum króna en innifalið í því eru fasteignagjöld og vatnsgjald. Greiðslur okkar til Hafnarfjarðarhafnar námu 182,8 milljónum króna.

ISAL kaupir rafmagn af Landsvirkjun samkvæmt raforkusamningi sem gerður var árið 2010 og gildir til ársins 2036. Samningurinn var endurbættur í ársbyrjun 2021 en gildistíminn helst óbreyttur. Raforkuverðið er trúnaðarmál. Árið 2022 notaði ISAL 3.183GWh sem er svipað og árið á undan. Raforkuafhending til ISAL var nokkuð skert í upphafi árs lélegs vatnsbúskapar í miðlunarlónum Landsvirkjunar. Vegna þessa var smávægileg skerðing á framleiðslu kerskála en viðskiptavinir ISAL urðu hins vegar ekki fyrir neinni röskun.

Aðild að samtökum

Rio Tinto á Íslandi er aðili að ýmsum hagsmunasamtökum atvinnurekenda. Við erum aðilar að Samtökum atvinnulífsins en samtökin fara með kjarasamningsumboð fyrir hönd fyrirtækisins. Rannveig Rist, forstjóri ISAL, situr í stjórn. Við erum aðilar að Samtökum iðnaðarins og Samáli, samtökum álframleiðenda. Rannveig Rist situr þar í stjórn Samáls og Bjarni Már Gylfason er varamaður. Loks erum við stofnaðilar að Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð og í Stjórnvísi.

Árið 2019 var stofnaður samstarfsvettvangur atvinnulífs og stjórnvalda um loftslagsmál og grænar lausnir. Hlutverk vettvangsins er að efla samstarf atvinnulífs og stjórnvalda við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og styðja við markmið um kolefnishlutlaust Ísland árið 2040. Vettvangurinn hefur hlotið nafnið Grænvangur og er ISAL einn af stofnaðilum vettvangsins en hann er hýstur hjá Íslandsstofu. Hefur vettvangurinn fengið nafnið Green by Iceland á ensku. ISAL er einn af stofnaðilum Álklasans. Klasanum er ætlað að vera farvegur hugmynda, þarfa, tengslamiðlunar og nýsköpunar. Ennfremur er Álklasanum ætlað að vera vettvangur þar sem hægt er að viðra hugmyndir að verkefnum eða kalla eftir lausnum. Áhersla er á fjölbreytni og fjölgun fyrirtækja í afleiddum nýiðnaði og að ál verði nýtt sem grunnur nýsköpunar, jafnt í grónum fyrirtækjum sem sprotafyrirtækjum.



GRI tilvísunartafla

GR vísar		Lýsing	Kaflí / Upplýsingar
102	1	Nafn skipulagsheildarinnar	Rio Tinto á Íslandi hf.
102	2	Starfsemi, vörumerki, vörur og þjónusta	Fyrirtækið
102	3	Staðsetning höfuðstöðva	Straumsvík, 222 Hafnarfirði
102	4	Staðsetning rekstrar	Straumsvík, 222 Hafnarfirði
102	5	Eignarhald og féлагаform	Fyrirtækið
102	6	Markaðir í þjónustu	Fyrirtækið
102	7	Stærð skipulagsheildarinnar	Efnahagslegir þættir
102	8	Upplýsingar um starfsmenn og aðra starfskrafta	Fólkið í Straumsvík
102	9	Aðfangakeðja	Efnahagslegir þættir
102	10	Verulegar breytingar á skipulagsheildinni og aðfangakeðju hennar	Ávarp forstjóra
102	11	Varúðarregla eða -nálgun	Áhættuskrá og áhættuflokkun starfa. Ársskýrsla
102	12	Innleiðing utanaðkomandi frumkvæðis	Samfélag
102	13	Aðild að samtökum	Efnahagslegir þættir
Stefna og greining			
102	14	Yfirlýsing frá æðsta ákvörðunartaka	Stefna ISAL
102	15	Helstu áhrif, áhætta og tækifæri	Ávarp forstjóra, ársskýrsla
Siðareglur			
102	16	Gildi, meginreglur, staðlar og atferlisviðmið	Fyrirtækið
102	17	Ferli fyrir ráðleggingar og mál tengd siðferði	Þannig vinnum við – siðareglur Rio Tinto
Stjórnarhættir			
102	18	Stjórnskipulag	Stjórnarháttayfirlýsing í Árskýrslu, Skipurit ISAL
102	19	Framsal valds	Skipurit ISAL, Stjórnkerfi ISAL
102	20	Ábyrgð á framkvæmdastjórnarstigi á efnahagslegum, umhverfislegum og félagslegum málefnum	Yfirlýsing
102	21	Ráðgefandi hagsmunaaðilar fyrir efnahagsleg, umhverfisleg og félagsleg málefni	Samfélag
102	22	Samsetning æðstu stjórnar og nefnda hennar	Fyrirtækið, Árskýrsla, Stjórnarháttayfirlýsing
102	23	Formaður æðstu stjórnar	Fyrirtækið
102	24	Tilnefning og val á æðstu stjórn	Fyrirtækið, Ársskýrsla
102	25	Hagsmunaárekstrar	Þannig vinnum við – siðareglur Rio Tinto
102	26	Hlutverk æðstu stjórnar við framsetningu tilgangs, gilda og stefnu	Fyrirtækið
102	29	Auðkenning og stjórnun á efnahagslegum, umhverfislegum og félagslegum áhrifum	Skipurit ISAL, Fyrirtækið – Stefna ISAL, Samfélag
102	31	Efnahagsleg, umhverfisleg og félagsleg rýni á efnistöcum	Samfélag, Efnahagslegir þættir, Umhverfismál,
102	32	Hlutverk æðstu stjórnar við skýrslugjöf um sjálfbærni	Forstjóri
102	33	Upplýsingagjöf um mikilvæg málefni	Skipurit ISAL
102	34	Eðli og heildarfjöldi mikilvægra málefna	Engu málefni sem fyrirtækinu ber að upplýsa skv. GRI stöðlum var vísað til stjórnar á árinu
102	35	Stefnur um þóknun	Ársskýrsla
102	39	Prósentuhækkun á árlegu heildarhlutfalli launagreiðslna	Ársskýrsla
Þátttaka hagsmunaaðila			
102	40	Listi yfir hópa hagsmunaaðila	Samfélag
102	41	Sameiginlegir kjarasamningar	100%
102	42	Auðkenning og val á hagsmunaaðilum	Samfélag
102	43	Verklag við virkjun hagsmunaaðila	Fyrirtækið – Stefna ISAL
102	44	Helstu efnistök og málefni	Samfélag

GRI tilvísunartafla

GR vísar		Lýsing	Kaflí / Upplýsingar
Skilgreining á efnislegum þáttum og mörkum þeirra			
102	45	Aðilar sem eru hluti af samstæðureikningsskílum	Ársskýrsla
102	46	Skilgreining á efni skýrslu og mörkum efnistaka	GRI tilvísunartafla
102	47	Listi yfir viðfangsefni	GRI tilvísunartafla
102	49	Breytingar á skýrslugjöf	Ávarp forstjóra
102	50	Tímabil skýrslugjafar	2022
102	51	Dagsetning nýjustu skýrslu	2022
102	52	Tíðni skýrslugjafar	Árleg
102	53	Tengiliður vegna upplýsingagjafar um skýrsluna	Samskiptasvið
102	54	Staðhæfingar um skýrslugjöf í samræmi við GRI staðla	Ávarp forstjóra
102	55	GRI efnisvísir	GRI tilvísunartafla
102	56	Ytri trygging	Áritun endurskoðenda (nær til kafla um umhverfismál)
Nálgun stjórnenda			
103	1	Útskýring á viðfangsefni og mörkum þess	Yfirlýsing
103	2	Stjórnunarnálgunin og þættir hennar	Yfirlýsing
103	3	Mat á stjórnunarnálguninni	Yfirlýsing
Fjárhagsleg frammistaða			
201	1	Beint efnahagslegt virði sem er skapað og dreift	Efnahagslegir þættir, Ársskýrsla
201	2	Fjárhagsleg áhrif og önnur áhætta og tækifæri sökum loftslagsbreytinga	Starfsemi ISAL fellur undir viðskiptakerfi ESB um losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við lög 70/2012 um loftslagsmál
201	3	Skilgreint fyrirkomulag skuldbindinga um bætur og annað fyrirkomulag eftirlauna	ISAL greiðir mótframlag í lífeyrissjóði starfs- manna í samræmi við gildandi samninga og lög
201	4	Fjárhagsaðstoð frá stjórnvöldum	ISAL fékk enga fjárhagsaðstoð frá stjórnvöldum árið 2022
Sýnileiki á markaði			
202	2	Hlutfall æðstu stjórnenda sem eru ráðnir úr nærsamfélaginu	Allir æðstu stjórnendur eru íslenskir
Óbein efnahagsleg áhrif			
203	1	Innviðafjárfestingar og þjónusta sem stutt er við	Samfélag
203	2	Veruleg óbein efnahagsleg áhrif	Efnahagslegir þættir
Innkaup			
204	1	Hlutfall útgjalda til birgja í nærsamfélaginu	Efnahagslegir þættir
Spilling			
205	1	Mat á rekstri vegna áhættu sem tengist spillingu	Þannig vinnum við – siðareglur Rio Tinto
205	2	Samskipti og þjálfun um stefnur og verklagsreglur gegn spillingu	Þannig vinnum við – siðareglur Rio Tinto
205	3	Staðfest atvik um spillingu og aðgerðir er gripið var til	Engin atvik á árinu 2022
Samkeppnishamlandi hegðun			
206	1	Lagalegar aðgerðir gegn samkeppnishamlandi hegðun, hringamyndun og einokunaraðferðum	Engin atvik á árinu 2022
Efnisnotkun			
301	1	Efni sem notuð eru eftir þyngd eða rúmmáli	Umhverfismál – Grænt bókhald
Orka			
302	1	Orkunotkun innan skipulagsheildarinnar	Umhverfismál – Grænt bókhald (Raforka í Gwst)

GRI tilvísunartafla

GR vísar		Lýsing	Kaflí / Upplýsingar
Vatn og frárennsli			
303-1	1	Umgengni við vatn sem samnýttar auðlindar	Umhverfismál – Vatnsnotkun og frárennsli
303-2	2	Stjórnun á áhrifum vatnslosunar	Umhverfismál – Vatnsnotkun og frárennsli
303-3	3	Vatnstaka	Umhverfismál – Vatnsnotkun og frárennsli
303-4	4	Vatnslosun	Umhverfismál – Vatnsnotkun og frárennsli
303-5	5	Vatnsnotkun	Umhverfismál – Grænt bókhald
Losun			
305	1	Bein losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) (umfang1)	Umhverfismál – Losun gróðurhústegunda, Grænt bókhald
305	2	Óbein orkulosun gróðurhúsalofttegunda (GHL) (umfang 2)	Umhverfismál
305	3	Önnur óbein losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) (umfang 3)	Umhverfismál – (Að hluta)
305	4	Styrkur á losun gróðurhúsalofttegunda (GHL)	Umhverfismál – Grænt bókhald
305	5	Minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda (GHL)	Umhverfismál – Grænt bókhald
305	7	Losun köfnunarefnisoxíðs (NOX), brennisteinsoxíðs (SOX) og önnur veruleg losun lofttegunda	Umhverfismál – Losun í andrúmslofti, Grænt bókhald
Frárennsli og úrgangur			
306	1	Losun vatns eftir gæðum og áfangastað	Umhverfismál – Grænt bókhald
306	2	Úrgangur eftir tegund og förgunaraðferð	Umhverfismál – Grænt bókhald
306	3	Verulegur leki	Engir verulegir lekar voru árið 2022
Hlíting			
307	1	Ekki farið að umhverfislögum og reglum	Umhverfismál – engar sektir voru greiddar á árinu
Vinnuafli			
401	1	Nýráðningar starfsmanna og starfsmannavelta	Fólkið í Straumsvík
401	3	Foreldraorlof	Fólkið í Straumsvík
Kjaramál			
402	1	Lágmarks uppsagnarfrestur ef breytingar verða á rekstri	Lög og kjarasamningar
Heilsa og öryggi á vinnustað			
403	1	Stjórnkerfi um heilbrigði og öryggi á vinnustað	Fyrirtækið
403	2	Auðkenning á hættu, áhættumat og rannsókn atvika	Fyrirtækið
403	3	Þjónusta tengd heilbrigði á vinnustað	Fólkið í Straumsvík – Heilbrigðismál
403	4	Þátttaka starfsfólks, samráð og samskipti um heilsu og öryggi á vinnustað	Lög og kjarasamningar
403	5	Þjálfun starfsfólks varðandi heilsu og öryggi á vinnustað	Fólkið í Straumsvík
403	6	Heilsuefling starfsfólks	Fólkið í Straumsvík – Heilbrigðismál
403	9	Vinnutengd slys á fólki	Fólkið í Straumsvík – Öryggismál
Þjálfun og menntun			
404	1	Árlegur meðalfjöldi klukkustunda í þjálfun á hvern starfsmann	Fólkið í Straumsvík – Fræðslumál
404	3	Hlutfall starfsfólks sem fær reglulega rýni á frammistöðu og starfsþróun	Fólkið í Straumsvík – Fræðslumál
Fjölbreytileiki og jöfn tækifæri			
405	1	Fjölbreytileiki stjórna og starfsmanna	Fólkið í Straumsvík – Jafnréttisáætlun
405	2	Hlutfall grunnlauna og þóknana kvenna í samanburði við karla	Fólkið í Straumsvík – Jafnréttismál
Jafnræði			
406	1	Atvik um mismunun og framkvæmdar úrbætur	Fólkið í Straumsvík
Félagafrelsi og kjaraviðræður			

GRI tilvísunartafla

GR vísar		Lýsing	Kaflí / Upplýsingar
407	1	Rekstur og birgjar þar sem hætta er á sniðgöngu varðandi félagafrelsi og sameiginlega kjarasamningagerð	Þannig vinnum við – siðareglur Rio Tinto
Barnavinna			
408	1	Rekstur og birgjar þar sem verulega hætta getur verið á barnaþrælkun	Þannig vinnum við – siðareglur Rio Tinto
Nauðungar- og skylduvinna			
409	1	Rekstur og birgjar þar sem veruleg hætta getur verið á nauðungar- eða skylduvinnu	Þannig vinnum við – siðareglur Rio Tinto
Frumbyggjaréttur			
411	1	Brotatilvik sem fela í sér réttindi frumbyggja	Þannig vinnum við – siðareglur Rio Tinto
Mat á mannréttindum			
412	1	Rekstur sem hefur verið rýndur eða áhrifametinn með hliðsjón af mannréttindum	Þannig vinnum við – siðareglur Rio Tinto
412	2	Þjálfun starfsmanna í stefnumum eða verklagsreglum um mannréttindi	Þannig vinnum við – siðareglur Rio Tinto
412	3	Samkomulag og samningar um verulegar fjárfestingar og samningar sem fela í sér mannréttindaákvæði eða hafa verið skimaðir með hliðsjón af mannréttindamálum	Þannig vinnum við – siðareglur Rio Tinto
Nærsamfélagið			
413	1	Rekstur með virkni í nærsamfélaginu, áhrifamat og þróunaráætlanir	Efnahagslegir þættir
413	2	Rekstur sem hefur umtalsverð, raunveruleg og möguleg neikvæð áhrif á nærsamfélagið	Umhverfismál
Mat á samfélagsáhrifum birgja			
414	1	Nýir birgjar sem voru skimaðir á grundvelli félagslegra viðmiða	Mat gert á nýjum birgjum
414	2	Neikvæð félagsleg áhrif í aðfangakeðjunni og aðgerðir sem gripið var til	Mat á birgjum gert reglulega
Opinber stefna			
415	1	Framlag til stjórnmála	ISAL veitir ekki styrki til stjórnmálaflokka skv. siðareglum (Þannig vinnum við – siðareglur Rio Tinto)
Persónuvernd viðskiptavina			
418	1	Rökstuddar kvartanir varðandi brot á persónuvernd viðskiptavina og tap á gögnum þeirra	Engin atvik á árinu 2022
Hlíting			
419	1	Ekki farið að lögum og reglum á félagslegum og efnahagslegum sviðum	Engin atvik á árinu 2022

Áritun endurskoðanda



KPMG ehf.
Borgartún 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Veffang www.kpmg.is

Rio Tinto á Íslandi hf.
Pósthólf 244
222 Hafnarfirði

Staðfesting með hæfilegri vissu (e. reasonable assurance) veitt af óháðum endurskoðanda á grænt bókhald Rio Tinto á Íslandi hf. fyrir árið 2022

Við höfum kannað skýrslu Rio Tinto á Íslandi hf. um grænt bókhald fyrir árið 2022. Staðfesting okkar felst í skoðun á því hvort tölur sem gefnar eru upp í tölulegur yfirlit í skýrslu Rio Tinto um grænt bókhald sé í samræmi við upplýsingakerfi félagsins og viðeigandi gögn.

Ábyrgð stjórnenda

Skýrsla um grænt bókhald er lögð fram af stjórn félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í íslenskri löggjöf.

Ábyrgð okkar

Við erum ábyrg fyrir að;

- skipuleggja og framkvæma skoðun í því að afla hæfilegrar vissu á að tölulegt yfirlit í skýrslu um grænt bókhald sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka;
- móta álit byggt á niðurstöðum og gögnum sem við höfum aflað og
- gefa út álit til stjórnar Rio Tinto á Íslandi hf.

Ábyrgð okkar felst í að afla nægilegrar vissu um og veita óháð álit á því hvort upplýsingar séu réttar og í samræmi við starfsleyfi og lög og reglur um grænt bókhald.

Viðeigandi staðlar

Skoðun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal um staðfestingar, ISAE 3000 sem gefinn var út af International Auditing and Assurance Standards Board. Samkvæmt staðlinum ber okkur að skipuleggja og haga vinnu okkar svo unnt sé að veita hæfilega staðfestingu um hvort tölulegt yfirlit í skýrslu Rio Tinto á Íslandi hf. um grænt bókhald séu í samræmi við starfsleyfi, lög og reglur um grænt bókhald.

KPMG hefur innleitt alþjóðlegan gæðastaðal, International Standard on Quality Control 1, og hefur því innleitt viðtækt gæðakerfi, þar á meðal um að hafa skráðar stefnur og verklag varðandi fylgni við siðareglur, faglega staðla og viðeigandi kröfur laga og reglugerða.

Við höfum uppfyllt kröfur um óháði og aðrar siðareglur sem fram koma í alþjóðlegum siðareglum fyrir endurskoðendur, sem gefnar hafa verið út af International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants, sem byggja í grunninn á heilindum, hlutleysi, faglegri hæfni og varfærni, trúnaði og faglegu framferði.

Aðgerðir sem framkvæmdar voru

Í staðfestingu með hæfilegri vissu felst að framkvæma aðgerðir til að afla gagna varðandi grænt bókhald.

Eðli og umfang aðgerða sem valdar voru byggja á faglegri dómgreind og faglegri gagnrýni. Við greinum og metum hættu á verulegri skekkju, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og



framkvæmum aðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á.

Í staðfestingu með hæfilegri vissu felst einnig að kannað er með úrtökum:

- hvort tölur sem gefnar eru upp séu réttar og í samræmi við upplýsingakerfi sveitarfélagsins/viðeigandi gögn,
- hvort upplýsingarnar sem birtar eru í skýrslunni um mengunarmælingar séu í samræmi við niðurstöður mælinga og vöktunar,
- hvort tölulegar upplýsingar í skýrslunni um mælingar séu í samræmi við frumgögn,
- hvort skilyrðum í lögum og reglum um innihald skýrslna um grænt bókhald sé fullnægt.

Við teljum að við skoðunina höfum við aflað nægilegrar og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit með hæfilegri vissu

Það er álit okkar að tölulegt yfirlit í skýrslu Rio Tinto á Íslandi hf. um grænt bókhald á árinu 2022 sé gerð í samræmi við lög og reglur um innihald skýrslna um grænt bókhald og tölulegar upplýsingar í skýrslunni séu í samræmi við þær aðferðir sem þar er gerð grein fyrir.

Reykjavík, 28 apríl 2023

KPMG ehf.

Helga Harðardóttir

